



BYGGÐASTOFNUN

Ákvörðun Á-5/2025

UM ENDURGJALD TIL HANDA ÍSLANDSPÓSTI OHF. VEGNA ALÞJÓNUSTU Í PÓSTÞJÓNUSTU ÁRIÐ 2025

1. INNGANGUR

(1) Sumarið 2021 var samþykkt á Alþingi frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til laga um breytingar á lögum nr. 98/2019 um pósthjónustu (lög um pósthjónustu) og lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun (flutningur póstmála). Frumvarpið tók nokkrum breytingum í meðförum þingsins en var birt sem lög nr. 76/2021 þann 25. júní 2021. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var markmið þess að mæla fyrir um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar voru til að færa stjórnsýslu og eftirlit með pósthjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) til Byggðastofnunar, í samvinnu við báðar stofnanir.¹

(2) Aðgengi að þjónustu er á meðal mikilvægustu forsendna byggðar um allt land. Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2022–2036 er því meginmarkmiði lýst að í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna og búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu, húsnæði og fjölbreyttum atvinnutækifærum.² Aðgengi að viðeigandi pósthjónustu er á meðal mikilvægustu þjónustupátta og mætti jafnvel flokka sem grunnþjónustu. Veiting pósthjónustu er því ekki síst byggðamál sem verður að nálgast út frá hagsmunum þeirra sem þjónustunnar njóta og ekki síst hinna dreifðu byggða.

(3) Samkvæmt lögum um pósthjónustu er alþjónusta í pósthjónustu skilgreind sem þjónusta sem allir notendur pósthjónustu á Íslandi eiga rétt á, sem uppfyllir gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði.

¹ <https://www.althingi.is/altext/151/s/1807.html>

² <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

Samsvarandi þjónusta skal standa til boða notendum sem búa við sambærilegar aðstæður. Alþjónusta skal á hverjum tíma taka mið af tækni- og samfélagsþróun, hagrænum þáttum og þörfum notenda.

(4) Ráðherra getur samið við póstrekendur, einn eða fleiri, um að sinna alþjónustu. Jafnframt er heimilt að tilnefna alþjónustuveitanda eða bjóða verkið út. Með ákvörðun PFS nr. 13/02020 var Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP), útnefndur alþjónustuveitandi til 10 ára. Samkvæmt 12. gr. laga um póstpjónustu er póstrekanda sem er útnefndur, sbr. 11. gr. heimilt að sækja um til Byggðastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir, telji hann að alþjónusta sem honum er skylt að veita hafi í för með sér hreinan kostnað.

(5) Framlagið er þannig endurgjald fyrir þjónustu sem íslenska ríkinu ber að tryggja að sé veitt þegnum sínum samkvæmt lögum og alþjóðasamningum. Tryggja ber þjónustu sem allir notendur póstpjónustu á Íslandi eiga rétt á, sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði.

(6) Að óbreyttum lögum um póstpjónustu má gera ráð fyrir að íslenska ríkið komi til með að þurfa að greiða alþjónustuveitanda vegna veitingar alþjónustu í póstpjónustu á næstu árum þar sem ekki verður talið að henni yrði sinnt á markaðslegum forsendum um allt land. Byggðastofnun ber samkvæmt lögum um póstpjónustu að taka á móti og fjalla um umsóknir alþjónustuveitanda um sanngjarnt endurgjald vegna kostnaðar sem alþjónustuveitandi telur skyldu til þess að veita alþjónustu hafa í för með sér.

(7) Það fyrirkomulag hefur verið við lýði á undanförunum árum að alþjónustuveitandinn, ÍSP, sækir um endurgreiðslu vegna alþjónustu fyrir árið sem er nýliðið, seint í janúar og hefur Byggðastofnun haft nokkra daga til að ákveða hvað er sanngjarnt endurgjald vegna kostnaðar sem hefur fallið til á árinu á undan. Ljóst er að sá tími er knappur og til þess fallinn að auka líkur á að mistök séu gerð auk þess sem fyrirkomulagið hefur haft í för með sér aukinn fjármagnskostnað fyrir ÍSP þar sem endurgjaldið greiðist löngu eftir að þjónustan var veitt og kostnaður féll til.

(8) Byggðastofnun hefur unnið að breytingum á þessu fyrirkomulagi í samvinnu við alþjónustuveitanda og ráðuneyti innviða, með hliðsjón af 2. mál. 3. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 400/2020 um alþjónustu og framkvæmd póstpjónustu³, en þar segir:

„Póst- og fjarskiptastofnun (nú Byggðastofnun) er heimilt að ákveða greiðslutilhögun sanngjarns endurgjalds.“

³ <https://island.is/reglugerdir/nr/0400-2020>

(9) Í samræmi við verklag sem mótað var í ákvörðun Bygðastofnunar nr. Á-3/2023⁴ (kafla 2.11.2.) og rakið er ítarlega í ákvörðun nr. Á-12/2024, hefur ÍSP nú sent Bygðastofnun umsókn um endurgjald vegna hreins kostnaðar við veitingu alþjónustu árið 2025. Umsóknin byggir á rauntölum úr rekstri félagsins 2024 og áætlunar fyrir yfirstandandi ár 2025 og er dagsett 28. mars 2025.

(10) Rétt er að geta þess að á nýliðnu ári urðu breytingar á færslu kostnaðar innan kostnaðarlíkans ÍSP samkvæmt tilmælum Bygðastofnunar, þannig að kostnaði er jafndreift á allar vörur (ABC) en áður hafði verið stuðst við LRAIC aðferð (Long-run average incremental cost method).

2. LAGAGRUNDVÖLLUR

(11) Um lagalegan grundvöll ákvörðunarinnar er alfarið vísað til samsvarandi kafla í ákvörðun Bygðastofnunar nr. Á-12/2024. Eins og þar er m.a. rakið þá tók Bygðastofnun við eftirlitshlutverki PFS á sviði póstmála þann 1. júlí 2021, sbr. lög nr. 76/2021 og mun því eðlilega taka mið af fyrri framkvæmd og lagatúlkun við ákvörðun sína varðandi endurgjald til ÍSP vegna alþjónustu ársins 2025.

3. UMSÓKN ÍSLANDSPÓSTS OHF.

(12) Umsókn ÍSP er dagsett 28. mars 2025 og í henni eru raktar forsendur félagsins fyrir greiðslu alþjónustuframlags úr ríkissjóði vegna hreins kostnaðar veittrar alþjónustu. Í umsókninni er rakið það verklag sem unnið hefur verið í samvinnu við Bygðastofnun með það fyrir augum að koma á samtímagreiðslum alþjónustuframlags, sbr. málsgrein (9) hér að framan. Svo segir í umsókninni:

Fjárlög vegna ársins 2025, gefa í dag, svigrúm til þess að hægt sé að viðhafa samtímagreiðslur í samræmi við það verklag sem Bygðastofnun lýsir hér að ofan.

Með vísan til ofangreindar umfjöllunar sækir ÍSP hér með um samtímagreiðslur vegna þess endurgjalds sem fyrirtækið á rétt á vegna þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir vegna alþjónustu vegna ársins 2025.

Útreikningar félagsins byggja á sambærilegri aðferðarfræði og forsendum og umsókn félagsins vegna endurgjalds fyrir árið 2024, sbr. ákvörðun Bygðastofnunar nr. Á-1/2025.

(13) Um einstakar forsendur og útreikninga Íslandspósts ohf. segir í umsókninni að þeir útreikningar/áætlanir sem eru lagðir fram séu í samræmi við ákvæði laga um pósthjónustu, sem og ákvörðun PFS nr. 13/2020 og ákvörðun BST nr. Á-14/2023, að teknu tilliti til þeirra leiðbeininga sem

⁴ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2023/akvordun-a3-2023-althjonustuframlag-2022.pdf>

fram hafa komið í ákvörðun PFS nr. 1/2021 og ákvörðunum Byggðastofnunar nr. Á-1/2022, Á-3/2023, Á-1/2024 og Á-1/2025, þar sem eftirlitsaðilar hafi með réttarskýrandi hætti fjallað um einstök atriði útreikninga ÍSP, ásamt því að kveðið var á um tiltekin tímamörk um hvenær ÍSP skal skila umsókn um endurgjald til eftirlitsaðila.

(14) Útreikningar félagsins sýni þann hreina kostnað sem það verður fyrir vegna þeirra kvaða sem hvíla á því, sbr. 12. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019. Í umsókninni segir:

Í útnefningu ÍSP, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, segir t.d.:

“(59) Alþjónusta felur þannig í sér, að frelsi alþjónustuveitanda til að taka ákvarðanir eingöngu á viðskiptalegum grunni er skert. Dæmi um þetta er t.d. skylda til að dreifa alls staðar á landinu, að sama gjaldskrá skuli gilda alls staðar á landinu og að skylda viðkomandi fyrirtæki til að bjóða upp á tilteknar tegundir af þjónustu. Allar þessar skyldur geta síðan valdið kostnaði sem rétt er og eðlilegt er að ríkið beri ef talið verður að hann fari yfir ákveðin mörk, þ.e. sé ósanngjörn byrði á viðkomandi fyrirtæki.”

(15) Í samræmi við þessa umfjöllun telur ÍSP að líta megi á umsókn félagsins sem endurgjald ríkisins fyrir þjónustu sem ÍSP er gert skylt að veita á grundvelli opinberrar ákvörðunar. Um leið sé endurgjaldið ákveðið uppgjör á kostnaði sem ekki er mögulegt að innheimta í gegnum gjaldskrár félagsins, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019.

(16) Verklag við útreikninga er í samræmi við lýsingar í ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-12/2024 og Á-1/2025. Við útreikninganna er stuðst við skiptingu landsins í virk og óvirk markaðssvæði, eins og hún var ákvörðuð með ákvörðun BST nr. Á-14/2023. Áætlun um reiknað endurgjald fyrir árið 2025 miðar við sambærilega skiptingu (í magni) á milli svæða og var í hinni endanlegu niðurstöðu fyrir árið 2024, sem og heildaráætlun félagsins fyrir árið 2025.

(17) Útreikningarnir byggja einnig á kostnaðarlíkani ÍSP (ABC), sbr. lýsingarskjal sem sent var Byggðastofnun, sem fylgiskjal með umsókn ÍSP vegna endurgjalds fyrir árið 2024. “Íslandspóstur ohf. Kostnaðarlíkan og virkni, janúar 2024”.

(18) Útreikningar félagsins eru brotnir upp í samræmi við fyrirmæli í 7. töl. í ákvörðunarorðum ákvörðunar PFS nr. 13/2020, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á útnefningunni, með tilliti til virkra og óvirkra svæða:

„Til að tryggja gagnsæi skal Íslandspóstur brjóta upp og skila útreikningum félagsins á hreinum kostnaði, með eftirfarandi hætti:

- Hreinn kostnaður vegna dreifingar í dreifbýli (landpóstadreifing).
- Hreinn kostnaður vegna dreifingar í þéttbýli, þar sem heimili/fyrirtæki eru undir 750.

- Hreinn kostnaður vegna blindrasendinga.“

(19) Niðurbrot og einstakar niðurstöður eru settar fram með sambærilegum hætti og í hinni endanlegu umsókn sem skilað var til Byggðastofnunar vegna umsóknar félagsins fyrir endurgjald vegna ársins 2024.

(20) Skýrslu óháðs endurskoðunaraðila verður skilað þegar hún liggur fyrir, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laga um pósthjónustu. ÍSP hefur á undanförunum árum skilað inn skýrslu óháðs endurskoðunaraðila vegna umsókna um endurgjald vegna alþjónustu. Niðurstaðan úr þeim athugunum hefur ávallt verið á einn veg, þ.e. að samræmi sé á milli lýsingar á skiptingu kostnaðar og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins.

(21) Aðgreining í umsókn félagsins er í samræmi við útnefningu þess sem alþjónustuveitanda, sbr. 2. töl. 2. mgr. 9. gr. laga um pósthjónustu, sem og 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. þar sem fjallað er um skyldu til aðgreiningar í bókhaldi sem almenna forsendu fyrir umsóknum alþjónustuveitanda vegna fjárframlaga fyrir alþjónustu sem honum er skylt að veita.

(22) Útreikningar félagsins byggja á sambærilegri aðferðarfræði og stuðst hefur verið við hingað til, varðandi útreikninga á rétti til sanngjarns hagnaðar (sbr. 3. mgr. A-hluta viðauka II við lög nr. 98/2019) og um mat á óefnislegum ávinningi og markaðsávinningi.

(23) Einnig segir í umsókninni að félagið muni halda áfram á árinu 2025 að hagræða í rekstri, m.a. vegna magnminnkunar í bréfastraumi sem ekki sér fyrir endann á m.a. vegna aukinna rafrænna samskipta fyrirtækja og opinberra aðila við viðskiptavinum sína.

(24) Útreikningar félagsins um áætlaðan hreinan kostnað vegna ársins 2025, og þar með endurgjald, sýna að reiknað tap félagsins vegna alþjónustu er ósanngjörn byrði á fjárhag félagsins í skilningi 1. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu og að greiðsluskylda muni þar með stofnast af hendi ríkisins, sbr. 3. og 6. mgr. 12. gr. sömu laga við hið endanlega uppgjör á hreinum kostnaði félagsins vegna ársins 2025, sem mun liggja fyrir í byrjun ársins 2026.

(25) Sú greiðsla sem hér er sótt um mun koma til frádráttar við hið endanlega uppgjör félagsins á hreinum kostnaði.

4. NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR

4.1 ALMENNT

(26) Byggðastofnun hefur haft til meðferðar umsókn ÍSP um endurgjald vegna hreins kostnaðar sem veiting alþjónustu í pósthjónustu hefur í för með sér. ÍSP var útnefndur alþjónustuveitandi með ákvörðun PFS nr. 13/2020 til 10 ára.

(27) Eins og áður hefur verið rakið er umsókn ÍSP nú fram komin mun fyrr á árinu í samræmi við verklag sem þróað hefur verið af Byggðastofnun í samvinnu við ÍSP og stefnir að því að greiðsla vegna veittrar alþjónustu verði samtíma- eða fyrirframgreiðsla. Umsóknin byggir á áætlun vegna ársins 2025 sem byggir aftur á rauntölum síðasta árs auk hækkana vegna almennrar verðlagsþróunar og breytingum á kostnaðarlíkani ÍSP.

(28) Byggðastofnun og ÍSP unnu á síðasta ári saman, m.a. með aðstoð KPMG, að uppfærslum og endurbótum á kostnaðarlíkani ÍSP með það fyrir augum að endurgjald til félagsins vegna veitingar alþjónustu í póstpjónustu endurspegli sem best þá byrði sem alþjónustuskýldan er á félaginu.

(29) Eins og rakið er í ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-1/2025 taldi Byggðastofnun tilteknar breytingar á líkaninu ganga of langt og gerði athugasemdir þar að lútandi sem hafði áhrif á endurgjald vegna alþjónustu 2024. ÍSP uppfærði í kjölfarið breytingar sínar á kostnaðarlíkani félagsins og tekur fram að:

„Þær breytingar sem gerðar voru á aðgerð 20 og 21 í kostnaðarlíkani félagsins, sbr. umsókn, dags. 15. nóvember 2024, og ákvörðun BST- Á-12/2024, koma ekki að fullu til framkvæmda við endanlega útreikninga á hreinum kostnaði ársins 2024. Samkomulag milli aðila hefur komist á að innleiðing breytinga klárast á árinu 2025.“

4.2 UM EINSTAKA ÞÆTTI UMSÓKNAR ÍSP

(30) Umsókn ÍSP sundurliðast með eftirfarandi hætti eftir tegundum þjónustu og einstökum svæðum:

2. Endurgjald, sbr. 1 tölulið, sundurliðast með eftirfarandi hætti:

A) Hreinn kostnaður:

i.	Vegna dreifingar með landpóstum,	518.089.616
	- Vegna bréfa	181.406.999
	- Vegna pakka	336.682.617
ii.	Vegna bréfa dreifingar á óvirkum markaðssvæðum,	148.039.125
iii.	Vegna bréfa dreifingar á blindrasendingum,	15.000.000
iv.	Ávöxtunarkrafa	26.000.000

B) Eftirfarandi liðir koma til frádráttar:

i.	Markaðsávinningur,	26.000.000
----	--------------------	------------

Tilgreiðslu: **681.128.741**

(31) Byggðastofnun hefur yfirlit kostnaðarlíkan ÍSP og telur heimfærslu kostnaðar á bókhaldslykla eðlilegar og breytingar á erfiðleikastuðlum að mestu í samræmi við sameiginlegan skilning Byggðastofnunar og ÍSP á því markmiði að leiða fram með sem skýrustum hætti þá byrði sem alþjónustukvöðin hefur í för með sér á rekstur félagsins.

(32) Byggðastofnun gerir þó enn fyrirvara við ákveðnar breytingar á stuðlum vegna flutnings á landið. ÍSP hefur ekki brugðist við athugasemdum Byggðastofnunar og því er nauðsynlegt að hafa fyrirvara á ákvörðun stofnunarinnar um þær breytingar sem gerðar hafa verið á kostnaðarlíkani félagsins.

(33) Umsókn ÍSP er fram komin í samræmi við breytt verklag og er ítarlega rökstudd. Byggðastofnun fellst á að veiting alþjónustu á óvirkum markaðssvæðum eins og þau eru skilgreind í ákvörðun PFS nr. 13/2020 og ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023 feli í sér hreinan kostnað í skilningi laga um pósthjónustu nr. 98/2019 og að alþjónustuveitandi geti sótt um endurgjald úr ríkissjóði vegna veitingar þessarar þjónustu árið 2025.

(34) Byggðastofnun hefur yfirfarið og sannprófað útreikninga ÍSP að öðru leyti og telur þá í samræmi við lög nr. 98/2019 um pósthjónustu.

4.3 UM ÓSANNGJARNA BYRÐI

(35) Eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 13/2020 þarf, eftir að hinn hreini kostnaður liggur fyrir, að taka afstöðu til þess hvort hið út reiknaða tap sé ósanngjörn byrði á félaginu, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 98/2019.

(36) Í 3. mgr. sömu greinar segir að um ósanngjarna byrði í skilningi 1. mgr. sé að ræða þegar alþjónustukvöð á póstrekkanda með almenna heimild um að veita tilteknum notendum eða notendahópum pósthjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps eða til aðstæðna sem ekki mundu skapast ef venjuleg viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar. Tapið eða aðstæðurnar verða að teljast hafa verulega áhrif á rekstrargetu félagsins og samkeppnismöguleika eða stofna efnahag þess í hættu.

(37) Í umsókn sinni hefur Íslandspóstur sýnt fram á að alþjónustukvöð sú sem sett var á félagið með ákvörðun PFS nr. 13/2020 hefur í för með sér hreinan kostnað og verður ekki annað séð en að sá kostnaður sé ósanngjörn byrði á félaginu í skilningi 3. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu og muni hafa veruleg áhrif á rekstrargetu félagsins, samkeppnismöguleika og geti einnig stofnað efnahag þess í hættu (sé hann ekki bættur) og greiðsluskylda hefur því stofnast af hálfu ríkisins, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu.

4.4 GREIÐSLUSKYLDA RÍKISINS

(38) Samkvæmt 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 skal greiða hreinan kostnað vegna alþjónustukvaðar úr ríkissjóði samkvæmt heimild í fjárlögum.

(39) Í 1. mgr. 12. gr. kemur fram að alþjónustuveitandi sækir um til Bygðastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Lögin verða ekki skilin öðru vísi en að sanngjarnt endurgjald fáið með aðferðarfræði hreins kostnaðar eins og henni er lýst í viðauka II með lögunum.

(40) Eins og kemur fram í ákvörðunarorðum er niðurstaða Bygðastofnunar að hreinn kostnaður ÍSP af alþjónustu fyrir árið 2025 sé samtals kr. 681.128.781,- Ríkissjóði Íslands, sem greiðandi þjónustunnar, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu ber því að greiða ÍSP þá fjárhæð með fyrirvara um endanlega niðurstöðu um hreinan kostnað samkvæmt rauntölum ársins 2025.

4.4.1. NÁNAR UM GREIÐSLUTILHÖGUN FRAMLAGS VEGNA ALÞJÓNUSTU

(41) Markmiðið með innleiðingu þeirrar aðferðarfræði sem vísað er til í mgr. (9) og lýst í ákvörðun Bygðastofnunar nr. Á-3/2023⁵ (kafla 2.11.2.) og rakið er ítarlega í ákvörðun nr. Á-12/2024 er að alþjónustuveitanda sé greitt alþjónustuframlag fyrr til þess að draga úr fjármagnskostnaði enda eðlilegt að greitt sé jafnóðum fyrir þjónustu sem veitt er.

(42) Þar sem hér er í fyrsta skipti stuðst við nýtt verklag hvað greiðslur varðar telur Bygðastofnun eðlilegt að greiðslum sé skipt niður miðað við ársfjórðunga og þannig greiðist fyrstu sex mánuðir ársins þegar í stað, næstu þrír mánuðir (júlí-ágúst-september) við staðfestingu níu mánaða uppgjörs ÍSP og næstu þrír (október-nóvember-desember) við staðfestingu ársuppgjörs ÍSP. Greiðslur skulu miðast við framlag eins og það er ákvarðað hér.

(43) Alþjónustuveitandi skal senda Bygðastofnun rauntölur samkvæmt uppgjöri úr rekstri félagsins og Bygðastofnun staðfesta að ekki sé um að ræða veruleg frávík frá áætlunum.

5. UM HVORT FRAMLAGIÐ SÉ SAMRÝMANLEGT REGLUM UM RÍKISAÐSTOÐ

(44) Eins og fjallað er um í 4. kafla ákvörðunar PFS nr. 1/2021 hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gefið út leiðbeiningar um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrirtækjum fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Nauðsynlegt er því að kanna hvort umrætt endurgjald til ÍSP sé í samræmi við tilvitnaðar leiðbeiningar sem framkvæmdastjórnin hefur gefið út og birtar hafa verið hér á landi, í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Í þessu sambandi er einnig rétt

⁵ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2023/akvordun-a3-2023-althjonustuframlag-2022.pdf>

að hafa í huga lokamálslið B-hluta viðauka II með lögum um pósthjónustu þar sem vikið er að greiðslu endurgjaldsins, en þar segir:

„Þar sem slíkar bætur fela í sér tilfærslu fjár skal tryggja að þær séu gerðar þannig að þær séu hlutlægar, gagnsæjar, án mismunar og hlutfallsbundnar. Þetta hefur í för með sér að tilfærslurnar valda, að því marki sem það er unnt, minnstu mögulegu röskun á samkeppni og eftirspurn.“

(45) Samkvæmt orðanna hljóðan er þannig viðurkennt, í regluverkinu, að greiðsla endurgjalds vegna alþjónustu geti haft áhrif á samkeppni og þar með eftirspurn eftir þjónustu. Eftirlitsstjórnvaldinu (nú Byggðastofnun) ber hins vegar að gæta að því, eftir því sem unnt er, að mögulegar bætur hafi sem minnst áhrif á samkeppni og eftirspurn.

(46) Auk þess sem greiðsla endurgjaldsins þarf að vera í samræmi við áðurgreindar reglur og til komnar vegna þjónustu sem íslenska ríkið er skuldbundið til þess að veita í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og ákveðið með lögum þarf hún að uppfylla skilyrði sem byggja á Altmark⁶ dómnum, sem eru eftirfarandi:

„Í fyrsta lagi verður það fyrirtæki sem fær greiðslurnar að hafa tilteknar skyldur sem flokkast undir almannatjónustu og þær skyldur verða að vera nákvæmlega skilgreindar.

Í öðru lagi verða að vera til fyrir fram skilgreindar, hlutlægar og gagnsæjar reglur, sem bæturnar eru reiknaðar út frá.

Í þriðja lagi geta bæturnar ekki verið hærri en nauðsynlegt er til að standa straum af kostnaðinum við að rækja skyldurnar um opinbera þjónustu í heild eða að hluta til, að teknu tilliti til tekna ef um þær er að ræða og sanngjarns hagnaðar.

Í fjórða lagi að ef félagið sem veitir viðkomandi þjónustu er ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup, verður að ákvarða hversu háar bæturnar eiga að vera á grundvelli greiningar á þeim kostnaði sem vel rekið fyrirtæki hefði stofnað til.“

(47) Ef skilyrði dómsins eru talin uppfyllt verður ekki talið að greiðsla endurgjalds til alþjónustuveitanda feli í sér ríkisaðstoð.

(48) Í ákvörðun PFS nr. 1/2021 er fjallað ítarlega um hvert og eitt þessara skilyrða og vísast til þeirrar umfjöllunar hér.

⁶ Sjá nánar hér: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A62000CJ0280>

(49) Það er mat Bygðastofnunar að endurgjald til ÍSP vegna alþjónustu sem byggir á aðferðafræði um hreinan kostnað uppfylli þau formskilyrði sem þarf að uppfylla um slíkt endurgjald samkvæmt Altmark dómnum.

(50) Af því leiðir að endurgjald til ÍSP vegna þeirra alþjónustuskyldna sem hvíla á félaginu samkvæmt útnefningu í ákvörðun PFS nr. 13/2020, er samrýmanlegt reglum EES- samningsins um ríkisaðstoð.

ÁKVÖRÐUNARORÐ

1. Íslenska ríkið, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019, skal greiða Íslandspósti ohf., kt. 701296-6139, kr. 681.128.781,- vegna veitingar alþjónustu í pósthjónustu árið 2025. Greiðslur skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

Þann 1. júlí 2025: kr. 341.000.000,-

Þann 1. október 2025: kr. 170.500.000,-

Þann 1. febrúar 2026: Greiðsla eftirstöðva/endurgreiðsla framlags samkvæmt ákvörðun þessari, með fyrirvara um raunuppgjör kostnaðar og uppfærslur kostnaðarlíkans ÍSP.

2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Bygðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Bygðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Bygðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Sauðarkrókur 1. júlí 2025

Hjalti Árnason (sign)

Arnar Már Eliasson (sign)

